

Borgarstjórn Reykjavíkur
2. október 2018

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um 7,5 mínútna tíðni Strætó á stofnleiðum

Borgarstjórn beinir því til stjórnar Strætó að mótaðar verði útfærslur á því að auka aksturstíðni á stofnleiðum Strætó þannig að þær aki á 7,5 mínútna tíðni á háannatíma. Óskað er eftir upplýsingum um farþegafjölda á hverri leið, núverandi kostnað við hverja leið og mati á því hve mikið það myndi kosta að auka tíðnina á hverri leið upp í 7,5 mínútur. Óskað er eftir því að þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. janúar 2019. Stefnt skuli að því að leiðir 1, 3 og 6, aki á 7,5 mínútna tíðni frá og með ársbyrjun 2020.

Greinargerð:

Aukin tíðni stofnleiða strætó á háannatímum er hagkvæm leið til að auka þjónustu á þeim leiðum þar sem eftirspurnin eftir þjónustunni er mest. Tvær leiðir í leiðakerfinu keyra nú á 10 mínútna tíðni á háannatímum, það eru leiðir 1 og 6. Með því að fjölga brottförum um 2 á klukkustund er unnt að auka tíðnina upp í 7,5 mínútur, og hugsanlega minnka þannig börfina fyrir aukavagna. Þá er sömuleiðis orðið tímabært að auka tíðni á leið 3, sem þjónar íbúum Breiðholts.

Tillagan krefst samkomulags við önnur sveitarfélög sem taka þátt í rekstri Strætó bs. Tillagan krefst fjárútláta af hálfu sveitarfélaganna og kallar því augljóslega á leiðakerfisbreytingar. Til að tími gefist til að vinna þau mál innan hefðbundinna tímaramma fjárhagsáætlunargerðar og leiðakerfisbreytinga er unnið með að fyrstu áfangar breytinganna taki gildi í ársbyrjun 2020.

Stjórn Strætó verði falið safna saman upplýsingum um farþegafjölda á hverri stofnleið, kostnað við þær ásamt áætlun um hvað aukin tíðni á hverri leiði fæli í sér mikinn kostnaðarauka fyrir byggðasamlagið.